

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Gerðahrepps 1998-2018, Útskálar, Garði.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. júlí 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Gerðahrepps 1998-2018 frá 19. október 1999.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

1. Svæði fyrir opinberar stofnanir stækkar og verður hluti blandaðs svæðis verslunar og þjónustu og svæðis fyrir opinberar stofnanir.
2. Vegtenging frá Skagabraut að Útskálum breytist og vegtenging Nýjalands og Skagabrautar breytist einnig.
3. Íbúðasvæði við Skagabraut stækkar.
4. Þjónustusvæði er skilgreint við elsta húsið í Garðinum austan við Útskála.
5. Óbyggt svæði kringum Útskála er skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota og mun það ná frá íbúðasvæðinu við Skagabraut, allt að göngu- og hjólreiðastígnum við ströndina.

Skipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Garðs. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 9. júlí 2007.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Logi Kjartansson.

B-deild – Útgáfud.: 25. júlí 2007